

14. febrúar 2022

Nemendum Laugarnesskóla hefur fjölgað hratt og áfram er stefnt að hraðri uppbyggingu í skólahverfinu okkar og mun það auka mjög hratt á þann húsnæðisvanda sem börnin okkar búa við jafnt í skóla, íþróttum og frístund. Kennsla í tónmennt og list- og verkgreinum hefur liðið fyrir húsnæðisskortinn sem m.a. kemur fram í því að börnin fá færri kennslustundir í hverri grein. Mötuneyti skólans er hjartað í skólanum en það er of lítið og líða nemendur fyrir slæma hljóðvist. Aðrir innviðir eins og starfsmannaaðstaða er löngu sprungin, skólahljómsveitinni var ýtt út úr húsi og lengi mætti telja hvernig aðstaða nemenda, kennara og annarra starfsmanna hefur verið útpynnt á undanförunum árum. Núverandi staða húsnæðismála hefur stigmagnast á síðustu 9 árum, tími aðgerða er kominn.

Við viljum standa vörð um menningu skólanna okkar og skólagerðir þeirra sem byggja á langri og árangursríkri sögu. Við leggjum áherslu á að viðhalda og þróa áfram hverfameninguna samhliða þéttingu byggðarinnar. Í skólahverfi skólanna er blönduð byggð húsnæðiskosta og viljum við vara við breytingum sem fela í sér aukna einsleitni í baklandi nemenda. Krafa okkar er að allar breytingar á nærliggjandi umhverfi skólanna verði einungis heimilar sem hluti af heildstæðri lausn fyrir skólana. Við höfnum því alfarið að nauðsynlegar úrbætur fyrir íþróttakennslu verði látnar ráðast af ótengdri ákvörðun um þjóðarleikvang.

Stjórnin styður þá framtíðarsýn sem sviðsmynd I byggir á, þar sem skólarnir verða stækkaðir hver fyrir sig. Með þeirri aðferð stöndum við vörð um menningu skólanna allra og mannauð og nýtum sterkan grundvöll þeirra til að þróa skólastarfið áfram til framtíðar. Við leggjum áherslu á að við stækkun skólanna verði byggt til framtíðar og ekki látið duga að bregða plástri á bráðapörf fyrir stækkun þeirra.

Sviðsmynd II felur í sér flutning á 5-6.bekk frá Laugarnesskóla yfir í Laugarlækjarskóla en það myndi ekki aðeins auka á sérstöðu skólanna innan borgarinnar, heldur einnig breyta skólagerð beggja skóla og hamla tækifærum í að byggja íþróttahús við Laugalækjarskóla. Það er okkar mat að óljós ávinningur af þessari breytingu yfirvegi ekki fórnarkostnað breytinganna.

Sviðsmynd III felur í sér stofnun og endurskilgreiningu á fjórum skólum, verulega breytingu á skólagerð allra skólanna þriggja og stofnun nýs unglingaskóla. Staðsetning hins nýja skóla er ekki kynnt í skýrslunni og engin kostnaðar- eða tímaáætlun fylgir þessari sviðsmynd. Í sviðsmyndinni felst væntanlega uppbot á skólahverfi Laugarnes- og Laugalækjarskóla sem er líkleg til að auka einsleitni í baklandi nemenda, sökum þess hvernig hverfið er uppbyggt. Við teljum að þessi sviðsmynd myndi hafa verulega neikvæð áhrif á hverfameninguna þar sem núverandi skólahverfi Laugarnes- og Laugalækjarskóla yrði skipt í tvennt og samskipti foreldra og barna þrengjast samsvarandi. Þessi sviðsmynd hugnast okkur síst enda vekur hún upp fleiri spurningar en hún svarar í skýrslunni.

Um leið og við fögnum samtalinu um framtíðarskipulag fyrir skólana okkar þá ítrekum við að samtalið hefur staðið lengi og þörfin fyrir bættu aðstöðu vaxið hratt. Við leggjum áherslu á að aðgerða er þörf og óskum eftir virku samtali og upplýsingaflæði um tímasetta áætlun framkvæmda.

Stjórn Foreldrafélags Laugarnesskóla

Framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi: Umsögn starfsfólks Laugarnesskóla

Á starfsmannafundum í Laugarnesskóla 25. og 27. janúar fór fram rýnivinna þar sem þrjár ólíkar sviðsmyndir um framtíðarskipan skólastarfs í hverfinu voru skoðaðar og dregnir fram kostir og gallar að mati starfsfólksins. Sviðsmyndirnar þrjár eru afrakstur af vinnu starfshóps sem birtar voru í skýrslu starfshópsins á síðasta ári. Við rýningavinnuna studdumst við 6 hugsandi hatta (Six Thinking Hats) aðferð Edwards de Bono til þess að skoða og ræða sviðsmyndirnar þrjár sem koma til greina. Aðferðin byggist á því að hattarnar 6 hafa hver sinn lit, hvítan, bláan, rauðan, svartan, gulan og grænan. Litur hvers hatts ræður því á hvaða hátt er talað var um sviðsmyndirnar þrjár.

Spurningar fyrir Rauða hattinn

- Hvað segir innsæið þér?
- Hvaða tilfinning er til staðar hjá þér?
- Þú þarft ekki að rökstyðja!

Spurningar fyrir svarta hattinn

- Er ætlunin að halda áfram með þessa tillögu?
- Hverjir eru veikleikarnir?
- Hvað getur farið úrskeiðis?
- Passar þessi sviðsmynd við fyrri reynslu, stefnu, gildi, siðferði, skjólstæðinga og starfsfólk okkar?

Spurningar fyrir gula hattinn sem stendur fyrir jákvæðni og bjartsýni.

Við horfum á hverja sviðsmynd með jákvæðu viðhorfi og spyrjum t.d.:

- Hverjir eru styrkleikarnir?
- Hver eru tækifærin?
- Hverjar eru jákvæðu hliðarnar?
- Hvernig er hægt að láta þetta ganga?

Spurningar fyrir græna hattinn

- Hvernig er hægt að bæta tillögunum?
- Eru einhverjar aðrar hugmyndir?
- Eru fleiri valkostir?

Hér á eftir fara helstu niðurstöður rýnivinnunnar um hverjar sviðsmynd:

Sviðsmynd 1

Sviðsmynd 1 felur í sér minnsta raskið fyrir Laugarnesskóla, skólabragur og hefðir halda sér en árgangar yrðu þó áfram fjölmennir. En það er kostur að hafa breiðan hóp nemenda í skólanum bæði hvað varðar aldur og bakgrunn. Tækifæri eru til að nútímavæða skólabygginguna, bæta aðstöðu hvað varðar starfsaðstöðu í skólanum ef vel tekst til með viðbyggingu. Nauðsyn er á meira rými og betri aðstöðu fyrir nemendur og starfsfólk sem getur komið bæði með nýrri viðbyggingu og breytingum á eldra húsnæði. Betri umgjörð leiðir af sér fleiri tækifæri til fjölbreyttra kennsluhátta og betri



vinnuaðstöðu. Með meira rými kemur aukið frelsi til sköpunar og uppbrots á kennsluháttum. Ókostur er að gera ráð fyrir að frístund verði í kennslustofum en ekki í sérrými, það setur kennslunni ákveðnar skorður. Gott að það myndist ákveðin fjarlægð á milli skólastarfs og frístundar en sameiginleg rými verði samnýtt líkt og gert er í dag (þ.e. annað rými en kennslustofur). Þá hefur frístund tækifæri til að móta sitt eigið rými. Verulegar áhyggjur eru af því að skólinn verði ekki stækkaður nægilega mikið miðað við byggingaþörfina og nemendafjölda líkt og gerðist með núverandi viðbyggingu. Vanda þarf til verka við hönnum skólalóðarinnar með tilliti til mikilvægi þess að hún verði hluti af kennslurými, frístund og útiveru nemenda. Sviðsmynd 1 tryggir að þorpsmenningin í hverfinu halda sér og áfram fjölbreyttur nemendahópur undir sama þaki og við höldum í mannauð og reynslu kennara.

Sviðsmynd 2

Þessi sviðsmynd hefur mikil áhrif á skólabrag Laugarnesskóla og veikir yngsta stig skólans þar sem þau hafa ekki eldri fyrirmyndir. Það er styrkleiki að hafa 5.-6. bekk í skólanum og skólabragurinn mótast af góðum jafningjatengslum á milli yngsta stigs og miðstigs og skapar meiri félagslega fjölbreytni og möguleika á að samnýta kennara og aðstöðu. Þröngt aldursbil skapar ákveðna einsleitni og óþörf skil á milli aldurshópa í samfélaginu. Sviðsmyndin felur óneitanlega í sér meira rými fyrir yngstu bekk í Laugarnesskóla bæði í byggingunni sjálfri og á skólalóð sem og samfellu á miðstigi (5. – 7. bekk). Þessi sviðsmynd myndi hins vegar auka enn frekar á sérstöðu skólanna. Áhyggjur eru af því að miðstig og unglingastig eigi ekki samleið og að þroskamunur sé mikill fyrir nemendur að skipta um skóla eftir fjórða bekk. Tillagan leysir ekki vanda Laugarnesskóla því árgangar yrðu áfram stórir og rými skortir fyrir sérkennslu, sérgreinakennslu og matsal auk þess sem nútímavæða þarf kennslurými í eldri hluta byggingarinnar. Starfsandi yrði í hættu, skólabragur og skólamenning breytist og það þyrfti að hugsa skólasamfélagið upp á nýtt. Getur virst góð hugmynd ef maður er að hugsa um byggingar en ekki ef hugsað er um skólastarf.

Sviðsmynd 3

Í sviðsmynd 3 vantar hugmyndir að staðsetningu fyrir unglingaskóla og hvernig eigi að skipta hverfinu í nýju yngri barna skóla. Fyrir Laugarnesskóla væri breiðari aldurshópur kostur þar sem auðveldara er að byggja upp samfélag án aðgreiningar. Sviðsmyndin kallar á breytingar í umhverfinu og því skiptir höfuðmáli hvar staðsetning skólans er. Mikil fjarlægð fyrir suma nemendur sem felur í að bæta þurfi samgöngur fyrir þau sem búa lengst í burtu. Vandasamt er að búa til góða unglingamenningu í safnskóla og gæti sú tilfærsla auðveldlega mistekist. Það gæti verið erfitt að vinda ofan af því og því þarf að tryggja samkennd og jafnræði allra nemenda í nýjum unglingaskóla. Stór unglingaskóli hefur möguleikar á að vera með fjölbreytt námsframboð, val og námsbrautir. En slíku má ná með samstarfi og verkaskiptingu milli skólanna í hverfinu, þ.e. ef ekki er lítið á samgöngur sem vanda. Það gæti verið jákvæð breyting að minni árgangar yrðu í Laugarnes- og Laugalækjarskóla og samfella í 1.-7. bekk í báðum skólum en vegferðin þýðir að tveir skólar sem eru nánast hlið við hlið verða ólíkir þar sem annar er rótgróinn og hinn nýr. Hætt er við að mjög ólík menning skapist á milli yngri barna skólanna annarsvegar og unglingaskólans hins vegar, sem gæti hentað sumum nemendum vel en skapað streitu og erfiðleika fyrir aðra. Á heildina lítið yrði þetta erfið og snúin aðgerð sem auðveldlega gæti mistekist. Hætta er á að sérstaða hvers skóla glatist og að þorpsmenningin lifi það ekki af.



Reykjavíkurborg
Laugarnesskóli

Út fyrir boxið hugmyndir

Þar sem þarf að stækka leikskólann Hof leggjum við til að það verði byggður nýr leikskóli á öðrum stað í hverfinu og núverandi húsnæði verði nýtt fyrir frístundastarf.

Fyrir hönd starfsmanna Laugarnesskóla,

Sigríður Heiða Bragadóttir

Skólastjóri Laugarnesskóla

Reykjavík 15. febrúar 2022

Umsögn skólaráðs Laugarnesskóla um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi.

Skólaráð Laugarnesskóla fagnar þeirri vinnu sem lögð hefur verið í að rýna ólíka möguleika varðandi framtíðarfyrirkomulag á skólahaldi í Laugardal. Skólaráðið fagnar einnig tækifærinu til að veita umsögn um þær þrjár sviðsmyndir sem til skoðunar eru í kjölfar áðurnefndrar vinnu.

Um er að ræða tillögu um að byggt verði við Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla og Langholtsskóla (sviðsmynd 1), að 5. og 6. bekkir Laugarnesskóla færist í Laugalækjarskóla og byggt verði við hann og Langholtsskóla (sviðsmynd 2) og að byggður verði nýr safnskóli í hverfinu fyrir unglingastig en að Laugarnesskóli, Laugalækjarskóli og Langholtsskóli verði fyrir nemendur í 1.-7. bekk (sviðsmynd 3).

Starfsmannahópur skólans rýndi sviðsmyndirnar þrjár og sá bæði kosti og galla við allar tillögurnar (sjá fylgiskjal).

Að vel athuguðu máli er það afstaða skólaráðs Laugarnesskóla að einungis sviðsmynd 1 sé ásættanleg lausn á þeim brýna húsnæðisvanda sem steðjað hefur að skólanum um árabil. Það er mat skólaráðsins að aðrar lausnir leysi ekki með fullnægjandi hætti úr þörf skólans fyrir endurbætur á húsnæði og vinnuaðstöðu nemenda og starfsfólks og myndu á endanum kalla á framkvæmdir í líkingu við þær sem koma fram í sviðsmynd 1. Sú tillaga er ein um að standa vörð um dýrmæta skóla- og hverfismenningu sem erfitt er að rökstyðja hvers vegna eigi að fórna. Undanfarin misseri hefur talsverð undirbúningsvinna farið fram í öllum skólum hverfisins þar sem gengið hefur verið út frá því að fjölgun nemenda í hverjum og einum skóla sé mætt með stækkun skólanna. Þessi vinna gefur tillögunni að baki sviðsmynd 1 töluvert forskot samanborið við aðrar tillögur þar sem undirbúningsvinna þyrfti að hefjast frá grunni. Eins og margoft og víða hefur komið fram er þörfin á endurbótum á skólahúsnæði Laugarnesskóla löngu orðin mjög aðkallandi og sviðsmyndir 2 og 3 tækju að mati skólaráðsins einfaldlega allt of langan tíma. Þess má hins vegar geta að tækifæri til þróunar á skólagæðum í hverfinu verður enn til staðar eftir að leyst hefur verið úr þeirri þörf sem fjölgun barna í hverfinu hefur skapað.

Skólaráð Laugarnesskóla skorar því á borgaryfirvöld að standa vörð um sérstöðu og menningu skólanna í hverfinu og hraða stækkunarframkvæmdum í hverjum og einum þeirra sem mest.

Fyrir hönd skólaráðs Laugarnesskóla,



Sigríður Heiða Bragadóttir
Skólastjóri Laugarnesskóla



Reykjavík 15. febrúar 2022.

Umsögn Langholtsskóla um skýrsluna: Framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi

Starfsfólk Langholtsskóla krefst þess að borgaryfirvöld í Reykjavík hefjist þegar handa við undirbúning og aðgerðir til að leysa úr húsnæðisvanda Langholts-, Laugarnes- og Laugalækjarskóla.

Skólarnir þrír hafa fyrir löngu sprengt utan af sér húsnæðið og aðstæður nemenda eru víða óboðlegar. Húsnæðisvanda skólanna hefur að einhverju leyti verið mætt með lausum kennslustofum sem leysa þó aðeins hluta vandans. Innviðir skóla breytast ekki með tilkomu lausra stofa. Rými í list- og verkgreinastofum, íþróttaaðstaða, félags- og frístundaaðstaða og ekki síst í mötuneyti anna ekki 810 manna vinnustað nemenda og starfsfólks.

Forsendur fyrir sviðsmyndum 1 og 3 eru að mörgu leyti óljósar. Kostnaðargreining liggur ekki fyrir né hugmyndir að staðsetningu hugsanlegs unglingaskóla. Tímaáætlun liggur heldur ekki fyrir. Þess má geta að forsagnir hafa verið unnar fyrir viðbyggingar í Laugarnesskóla (2017 og 2019) og í Langholtsskóla (2020).

Hér er fjallað um sviðsmyndir 1 og 3 en umfjöllun um sviðsmynd 2, færslu 5. og 6. bekkjar úr Laugarnesskóla í Laugalækjarskóla, sleppt þar sem hún hefur ekki áhrif á Langholtsskóla.

Sviðsmynd 1: Skólarnir þrír Langholts-, Laugarnes- og Laugalækjarskóli haldi sér í núverandi mynd og byggt verði við þá alla.

- Skólalald í Laugardalnum hefur verið farsælt undanfarin mörg ár og því ekki ástæða til að brjóta það upp.
- Skólagerð og sérstöðu skólanna verði viðhaldið sem og þeirri skóla- og hverfameningu sem þeir standa fyrir.
- Huga þarf að samfellu í námi barna. Það er auðveldara í heildstæðum skóla en í barna- og safnskóla fyrir unglinga.
- Unglingar eru fyrirmyndir yngri nemenda og aldursblöndun hefur jákvæð áhrif á skólabraginn. Sama á við um starfsfólk sem lærir hvert af öðru án tillits til skólastiga.
- Fjárfesting í þróunarstarfi og mannauði gæti glatast verði núverandi skólum breytt í yngri barna skóla. Kynjahlutföll í starfsmannahópnum gætu einnig breyst, karlar eru í miklum minnihluta í yngri barna skólum.
- Grunnskólinn er mikilvæg stofnun í nærumhverfi barna og hjarta hvers hverfis.
- Finna þarf varanlegar lausnir á frístundastarfi yngstu nemendanna.
- Byggja þarf upp íþróttaaðstöðu við alla skólana í Laugardalnum.



Sviðsmynd 3: Að koma unglingaskóla á fót í hverfinu og breyta þeim sem fyrir eru í yngri barna skóla.

- Nýr, nútímalegur unglingaskóli gæti boðið upp á ný tækifæri og nýjar áherslur í námi.
- Nemendur gætu öðlast nýtt upphaf í unglingaskóla. Tækifæri til að kynnst nýjum félögum.
- Unglingamenning mótast á eigin forsendum nemenda í nýjum unglingaskóla.
- Komi til stofnunar safnskóla fyrir unglinga úr öllu hverfinu er hætt við því að skólabragur og menning skólanna þriggja sem fyrir eru glattist.
- Vegalengdir í safnskóla frá ystu mörkum skólahverfanna gætu orðið miklar. Fjarlægð milli heimils og skóla gæti einnig haft áhrif á félagsstarf unglinga.
- Í nýjum unglingaskóla þarf að gera ráð fyrir sérdeild fyrir nemendur með einhverfu sem tæki við nemendum úr sérdeild Langholtsskóla.
- Finna þarf varanlegar lausnir á frístundastarfi yngstu nemendanna.
- Byggja þarf upp íþróttastöðu við alla skólana.

Samantekt

Skiptar skoðanir eru meðal starfsmanna Langholtsskóla um sviðsmyndir 1 og 3. Á fundum starfsmanna¹ kom fram að um helmingur þeirra tekur ekki afstöðu með annarri hvorri sviðsmyndinni, báðar lausnir kæmu til greina með sína kosti og galla. Hinn helmingur starfsmannahópsins telur vænlegra að halda skólunum þremur eins og þeir eru í dag og byggja við þá alla.

Starfsfólk Langholtsskóla brýnir fyrir borgaryfirvöldum að leysa úr húsnaðisvanda skólanna í Laugardalnum eins fljótt og hugsast getur. Afar mikilvægt er að undirbúningur og framkvæmdir fari strax í gang. Samhliða viðbyggingum við skólana þrjá eða byggingu nýs unglingaskóla er grundvallaratriði að endurnýja eldra húsnaði skólanna og færa það í nútímalegt horf. Einnig þarf að bæta aðstæður frístundaheimila og félagsmiðstöðva og aðstöðu til íþróttaiðkunar sem er afar bágborin í öllum skólum hverfisins. Starfsfólk Langholtsskóla gerir kröfur um að börnin í skólahverfinu búi við námsaðstæður eins og þær gerast bestar í öðrum skólum borgarinnar.

F.h. starfsfólks Langholtsskóla


Hreiðar Sigtryggsson
skólastjóri



¹ Almennum starfsmannafundum 10.2. og 15. 2. 2022.



Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf - Umsögn foreldrafélags Langholtsskóla

Bréf: Umsögn

Málsnúmer: SFS2021110030

Málalýklar: 2.6.1 Húsnæðis- og byggingamál

Eigandi skjals: Hera Elfarsdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 10.01.2022

Dagsetning skjals: 08.01.2022

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: "Stefanía Fanney Björgvinsdóttir"
<stefania.bjorgvins@gmail.com>

Skjalalýkill	2.6.1 Húsnæðis- og byggingamál	Málsnúmer	SFS2021110030
Móttökudags.	08.01.2022	Skráð í GoPro	10.01.2022

Viðtakandi		Sendandi
Deild (Ráðhúss)	Skóla og frístundasvið	Fyrirtæki/stofnun
Starfsmaður		Nafn
		Kennitala:
Tegund skjals	Umsögn	Fyrir Borgarráð
Efnisorð		
Eldri skjalalýkill		
Þarf að svara :	☒ Já ☐ Nei	Er flokkað eftir eldri skjalalýkli í skjalasafni. ☐ Já ☒ Nei

Sent:

Sent til:

Notandi: "Stefanía Fanney Björgvinsdóttir" <stefania.bjorgvins@gmail.com>

Dagsetning: 8.1.2022 13:37:22

Til: "Soffía Pálsdóttir" <soffia.palsdottir@reykjavik.is>, "SFS" <sfs@reykjavik.is>

Efni: Umsögn foreldrafélags Langholtsskóla

Til þess er málið varðar.

Umsögn stjórn foreldrafélags Langholtsskóla.

Stjórn foreldrafélags Langholtsskóla telur sig ekki geta komið með umsögn varðandi breytingar á skipulagi og byggingu skóla í hverfinu að svo stöddu.

Kynning sem okkur var boðin var að okkar mati á margan hátt ábótavant og einhliða. Til að geta sent frá okkur umsögn um málið teljum við okkur þurfa frekari kynningu sem inniheldur meðal annars:

- Kostnaðaráætlun á öllum liðum, bæði fyrir tvískipta skóla og einsetin skóla.
- Fyrirhugaðar framkvæmdir á skóla og skólalóðum ef um stækkun skólans væri að ræða.
- Niðurstöður úr könnunum sem sýna líðan nemanda í skólum, mun þar á milli tvískiptum skóla og einsetnum skóla

Eining viljum við þiggja nánari útskýringu á hvers vegna Vogaskóli er ekki með í þessum áætlunum.

Bestu kveðjur

Stjórn foreldrafélags Langholtsskóla

Umsögn skólaráðs Langholtsskóla um skýrsluna: Framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi

Forsaga og upplýsingar varðandi ákvörðun skólaráðs Langholtsskóla

Skólaráð Langholtsskóla hvetur Reykjavíkurborg til þess að finna lausn á húsnæðisvanda skólanna þriggja í Laugardalnum sem fjallað er um í skýrslunni Framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi. Ákvörðunin þolir enga bið.

Skólarnir hafa fyrir löngu sprengt utan af sér húsnæðið. Aðstaða nemenda og starfsmanna eru víða bágbornar í núverandi húsnæði. Lausar kennslustofur hafa leyst hluta vandans en breyta ekki innviðum skólanna, svo sem rými í list- og verkgreinastofum, íþróttaaðstöðu, félags- og frístundaaðstöðu og síðast en ekki síst mótuneyti sem annar ekki 810 manna vinnustað nemenda og starfsmanna.

Erfitt er fyrir skólaráð að taka upplýsta ákvörðun varðandi sviðsmyndirnar sem Reykjavíkurborg leggur til. Forsendur fyrir þeim í skýrslunni eru óljósar. Kostnaðargreining liggur ekki fyrir né hugmynd að staðsetningu hugsanlegs unglingaskóla. Tímaáætlun fylgir heldur ekki skýrslunni. Þess má geta að forsagnir hafa verið unnar fyrir viðbyggingar í Laugarnesskóla (2017 og 2019) og í Langholtsskóla (2020).

Skólaráðið taldi sig því þurfa ræða og taka afstöðu eins og kostur er til tveggja sviðsmynda;

Sviðsmynd 1: Skólarnir þrír í Laugardalnum haldi sér í núverandi mynd og byggt við þá alla .

Sviðsmynd 3: Að koma unglingaskóla á fót í hverfinu og breyta þeim sem fyrir er í yngri barna skóla.

Sviðsmynd 1 fékk flestar jákvæðar umsagnir í skólaráðinu. Nefndir eru kostir við tillögu 1 en þeir geta í mörgum tilfellum verið gallar við tillögu 3 og öfugt. Punktar sem leiddu til niðurstöðu eru í fylgiskjali.

Kostir við sviðsmynd 1

Vissulega voru mismunandi viðhorf skólaráðsmanna til sviðsmyndanna en meirihluti ráðsins var fylgjandi því að skólarnir haldi sér í núverandi mynd og byggt verði við þá alla.

Skólaráð Langholtsskóla vill nefna það fyrst að hver skóli hafi sína sérstöðu. Skólaráðið telur að gott skólastarf sé unnið í skólunum og þróunarstarf þeirra veki eftirtekt annarra í skólasamfélaginu. Í skólunum er góður skólabragur sem ráðið telur ekki þörf fyrir að breyta.

Ráðið telur að fjárfesting í þróunarstarfi og mannauði gæti glatast ef núverandi skólum yrði breytt í yngri barna skóla, 1.-7. bekk. Kynjajafnrétti yrði einnig meira í skólum fyrir 1-10. bekk þar sem fleiri karlkennarar eru á mið- og elsta stigi en á yngsta stig. Með því að halda

skólunum óbreyttum yrði komið í veg fyrir að skólinn yrði eingöngu kvennavinnustaður og telur skólaráðið þá að suma nemendur gæti vantað fyrirmyndir af öllum kynjum.

Yngri nemendur læra af þeim eldri og eru þeim fyrirmyndir auk þess að vinátta getur myndast á milli bekkja í vinaverkefnum.

Samvinna milli skólastiga er mikilvæg og mikilvægt er að kennarar geti fært sig á milli skólastiga. Þetta leiðir svo til fjölbreyttara skólastarfs.

Skólaráðið var sammála um að hverfistilfinningin í núverandi skólum byggji upp og viðhaldi jákvæðum skólabrag og að skólinn sé stór hluti af hverfisbragnum. Skólinn sé miðsvæðis og því minna um að foreldrar aki börnunum til skóla. Einnig að systkin geti fylgst að á leið í skólann. Með því að kjósa sviðsmynd 1 myndast samfella í námi nemenda milli allra skólastiga og verður því minna rót fyrir nemendur.

Annað sem mikilvægt er að nefna er að íþróttaðastaða við alla skólana er óviðunandi og vert er að minna á að góð íþróttaaðstaða skiptir sköpum fyrir svo stóran skóla eins og Langholtsskóla.

Finna þarf einnig viðunandi framtíðar aðstöðu fyrir frístundastarf nemenda allra nefndra skóla.

Kostir við sviðsmynd 3:

Það sjónarmið kom fram í ráðinu að nýr unglingaskóli gæti verið spennandi kostur svo fremi sem í nýjum skóla væru stunduð álíka kennsluhættir og vinnubrögð og eru á unglingastigi í Langholtsskóla¹.

Kostur sem einnig var nefndur var að með nýjum unglingaskóla í nýrri byggingu gæfist tækifæri til að móta stefnu skólans frá upphafi með nýjum áherslum. Einnig var nefnt að unglingastarfið gæti fengið að njóta sín og að félagslífið gæti orðið öflugra.

Nefnt var að þeir nemendur sem eiga undir högg að sækja gætu mögulega fengið nýtt upphaf í nýjum skóla.

Þeir þættir sem skólaráðið hafði áhyggjur af við þessa tillögu voru tölvvert fleiri, t.d. hvort það væri gott að safna öllum unglingunum saman í einn skóla. Einnig yrði hverfið mjög stórt fyrir unglingaskólann og möguleiki á að skutl ykist til muna, sérstaklega í vondum veðrum. Ráðið hafði jafnframt miklar áhyggjur af unglingunum sem þurfa að ganga í gegnum Laugardalinn að kvöldi til eftir skólaskemmtun þar sem hann er illa upplýstur og þau veigri sér nú þegar að ganga heim af íþróttaæfingum að kvöldi til.

Ekki var einhverfudeild Langholtsskóla nefnd í tillögum og þarf að sjá hvort og hvernig hún rúmast innan unglingaskóla.

Íþróttaaðstaða í Laugardalnum er ansi döpur en þar vantar a.m.k. 2 íþróttahús, laga þarf grasvelli og frjálsíþróttaaðstöðu. Einnig er sameiginleg íþróttaaðstaða oft leigð út til

¹ *Smíðjan í skapandi skólastarfi, samþætting námsgreina og teymisvinna kennara fékk Íslensku menntaverðlaunin í flokki þróunarverkefna 2020.*

einkaaðila og missa þá börn hverfisins íþróttæfingar í allt að 10 daga í senn. Ekki er ljóst hvort Reykjavíkurborg hafi gert ráð fyrir því í tillögum sínum í að samnýta íþróttastöðu.

Samantekt:

Skólaráð Langholtsskóla telur sviðsmynd 1 vera vænni kost en þó vanti fleiri upplýsingar til þess að taka upplýsta ákvörðun.

Leysa þarf húsnæðisvanda skólanna sem þolir ekki bið.

Mikilvægt að viðbyggingar við skólanna verði nægilega stórar til að mæta húsnæðisþörf skólann til frambúðar ekki síst með tilliti til þéttingar byggðar í og við Laugardalinn. Einnig er afar mikilvægt að endurnýja eldra húsnæðis skólanna og færa það til nútímahorfs og jafna þannig aðstöðu barnanna í Laugardalnum til samræmis við það sem best gerist í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Skólaráðið telur að ekki sé gætt jafnræðis varðandi húsakost skóla hverfisins og annarra skóla Reykjavíkur og að unglingadeildin sé hornreka sökum húsnæðiseklu.

Hefja þyrfti viðhaldsframkvæmdir nú á vormánuðum.

Óskað er eftir að taka fyrstu skóflustungu að nýrri viðbyggingu Langholtsskóla á 70 ára afmæli skólans á komandi hausti.

F.h. Skólaráðs Langholtsskóla

Hreiðar Sigtryggsson
skólastjóri


Fulltrúar foreldra: Aðalheiður Pálsdóttir, Bryndís Guðmundsdóttir

Fulltrúar nemenda: Emil Örvarsson, Anna María Allawawi Sonde

Fulltrúar kennara: Elsa Ísberg, Þórunn Þórólfsdóttir

Fulltrúi annarra starfsmanna: Linda Sæþórsdóttir

Fulltrúi grenndarsamfélagsins: Magnús Björgvin Sigurðsson, forstöðumaður Þrótttheima

Sjá fylgiskjal

Fylgiskjal 1

Sviðsmynd 1

- Hver skóli hefur sína sérstöðu. Gott skólastarf, þróunarstarf og skólabragur sem ekki er ástæða til að breyta.
- Fjárfesting í þróunarstarfi og mannauði gæti glatast ef núverandi skólum yrði breytt í yngri barna skóla, 1.-7. bekk.
- Samfella í námi nemenda milli allra skólastiga grunnskólans og því minna rót fyrir nemendur.
- Yngri nemendur læra af þeim eldri í heildstæðum skóla, hafa fyrirmyndir, vinabekkir þvert á skólastig.
- Samvinna milli skólastiga er mikilvæg. Kennarar geta fært sig á milli stiga. Það býður upp á fjölbreyttara skólastarf.
- Hverfistilfinningin í núverandi skólum byggir upp og viðheldur jákvæðum skólabrag.
- Skólinn er það sem hverfið á sameiginlegt, skapar hverfisstemmningu. Skólinn er stór hluti af hverfis/þorpsbragnum.
- Það er í flestum tilfellum stutt í hverfisskólann frá heimilum. Styttri vegalengdir milli heimila og hverfisskólanna. Umhverfissvænna og minna um skutl.
- Vegalengdir í safnskóla frá ystu mörkum skólahverfanna gætu orðið miklar. Fjarlægð milli heimila og skóla gæti einnig haft áhrif á félagsstarf unglinga.
- Í nýjum unglingaskóla þarf að gera ráð fyrir sérdeild fyrir nemendur með einhverfu sem tæki við nemendum úr sérdeild Langholtsskóla.
- Finna þarf viðunandi lausnir á frístundastarfi yngstu nemendanna til frambúðar í öllum skólunum.
- Íþróttaaðstaða ófullnægjandi í öllum skólunum. Það dugir ekki að byggja hana upp á einum stað fyrir alla skólana. Einnig er íþróttaaðstaða ófullnægjandi í Laugardalnum þar sem viðhaldi hefur ekki verið sinnt um langa hríð

Sviðsmynd 3

- Nýr unglingaskóli, ný bygging, tækifæri til að móta skólann og skólastarfið frá upphafi og búa til nýjar áherslur. Þessir tveir punktar eiga kannski heima neðar
- Unglingamenningin fær að njóta sín í unglingaskóla og félagslífið öflugra.
- Nemendur sem eiga undir högg að sækja gætu öðlast ný tækifæri, nýtt upphaf fyrir nemendur í nýjum unglingaskóla. Um leið má velta fyrir sér hversu gott er að safna öllum unglinum í sama skólann.

Reykjavík 6. apríl 2022

Tekið fyrir og samþykkt á starfsmannafundi þann 6. apríl 2022

Umsögn starfsmannafundar Laugalækjarskóla um skýrslu starfshóps um framtíðarskipan skólamála í Laugarnes- og Langholtshverfi

Á heildina litið virðist skýrslan vel unnin. Hún er skipulega fram sett og læsileg og býr yfir fjölmörgum upplýsingum um stöðu mála í hverfinu. Á þann hátt auðveldar hún umsagnaraðilum að móta sér skoðun á viðfangsefninu.

Nokkrir óvissuþættir torvela þó umsagnaraðilum að móta sér skoðun á viðfangsefninu, og rýrir það gildi skýrslunnar.

Fyrst skal nefnt að allt of lengi hefur ríkt óvissa með uppbyggingu íþróttaðstöðu í hverfinu, bæði til kennslu, æfinga og keppni. Sú óvissa skilar sér með skýrum hætti í inn í alla umræðu um kosti og galla þeirra sviðsmynda sem fyrir liggja.

(Þessi óvissa hefur reyndar bitnað lengi á á Laugalækjarskóla sem býr við afar slaka aðstöðu til íþróttakennslu, eins og oft hefur verið bent á.)

Í öðru lagi – en nátengt þó – þá hefur heyrst í fréttum undanfarnar vikur af hugmyndavinnu um skipulag Laugardalsins og viðræðum borgar og ríkis um úrlausn þjóðarleikvanga. Vinnan virðist hafa farið fram samhliða hugmyndavinnu um framtíðarskipan skóla- og frístundamála á sama svæði - án þess að borgin hafi séð ástæðu til samráðs þar í milli. Hvorki hugmyndavinnan um skipulag Laugardalsins og þjóðarleikvanga né hugmyndavinnan um framtíðarskipulag skólamála taka því mið af hvor annarri, sem hlýtur teljast mikil soun.

Í þriðja lagi hefði einnig verið gagnlegt ef kostnaðargreining á sviðsmyndunum þremur hefði legið fyrir við umsagnarvinnuna, sem og skýr tímaáætlun. Nægur tími ætti að hafa liðið frá því að starfshópurinn skilaði skýrslunni af sér og þar til umsagarferli hófst.

Engu að síður þá fjallaði starfsmannafundur um hverja sviðsmynd fyrir sig með hliðsjón af SVÓT-greiningunni í skýrslu starfshópsins. Starfsmannafundurinn tekur undir flest sem kemur fram í greiningu starfshópsins á hverri sviðsmynd fyrir sig, en hér að neðan eru tilgreindir sérstakir áhersluþættir sem komu fram í umfjöllun fundarins.

Umfjöllun um einstakar sviðsmyndir

Í umræðunum var starfsmönnum skipt í hóp og þeir beðnir um að fjalla um hverja sviðsmynd fyrir sig. Hver hópur fjallaði því um allar sviðsmyndirnar.

Sviðsmynd 1:

Fram kemur í umræðum hópanna að það megi telja stuðningsyfirlýsingu við skólana þrjá að byggt verði við þá alla, ásamt því að þessi leið mun hafa minnst áhrif á nemendur. Með þessari leið fá skólarnir að halda sínum jákvæða skólabrag og sérkennum. Óljóst þykir þó hvort nægt pláss verður í Laugalækjarskóla fyrir allt eftirfarandi: skólann, Félagsmiðstöðina Laugó, Frístundamiðstöðina Hof og Skólahljómsveitina, en það skýrist e.t.v. með útfærslunni.

Fátt kemur fram í umræðum starfsmannafundar sem mælir gegn sviðsmynd 1 nema hve mikið rask verður við alla skólana á byggingartíma og að óvissa ríkir áfram með íþróttaaðstöðu; mikill vilji er hjá starfsfólki til að fá íþróttahús við Laugalækjarskóla. Þá er óljóst er hve langa leið yngri börn þyrftu að fara í safnfrístund.

Um það bil tveir þriðju hluta starfsmanna nefnir sviðsmynd 1 þegar þeir eru beðnir um að nefna þá sviðsmynd sem þeim líst best á. Enginn starfsmaður nefnir að þeim lítist verst á þessa sviðsmynd.

Sviðsmynd 2:

Fram kemur í umræðum að því gætu fylgt kostir að allt miðstigið í Laugarneshverfi sé í sama skóla. Þá myndi það teljast kostur að óumflýjanlegt væri að byggja íþróttahús við Laugalækjarskóla yrði þessi sviðsmynd að veruleika. Fleiri kostir við sviðsmynd 2 koma ekki fram í umræðum, og í sumum hópum er sérstaklega tekið fram að erfitt sé að sjá neina kosti við sviðsmynd 2. Nokkrir hópar taka fram að þeim finnst hugmyndin mjög slæm.

Margir gallar eru tíndir til við sviðsmynd 2. Talið er ólíklegt að miðstig og unglingastig myndu vinna mikið saman og því væri hætt á tvískiptingu skólans. Stækka þyrfti skólahúsnæði óhemju mikið og þar með talið alla aðstöðu fyrir kennara og öll stoðrymi á borð við matsal, skrifstofu, kaffistofu og skrifstofu. Lítið yrði eftir af skólalóð fyrir útileiki yngri barna. Úr yrði stór og skiptur skóli sem erfitt væri að skapa sérstöðu fyrir og samstöðu.

Um það bil 95% starfsmanna nefnir sviðsmynd 2 þegar þeir eru beðnir um að nefna þá sviðsmynd sem þeim líst verst á. Enginn starfsmaður nefnir að þeim lítist best á þessa sviðsmynd. Sjá neðar.

Sviðsmynd 3:

Fram kemur í nokkrum hópum að erfitt sé að taka afstöðu til hugmyndarinnar þar sem staðsetning mögulegs unglingaskóla er óráðin og sömuleiðis væri íþróttaðstaða við alla skólana óvissupáttur. Er pláss fyrir unglingaskóla í Laugardalnum, og myndi langur skipulags- og framkvæmdatími gera starfið erfitt í yfirfullum skólum á meðan?

Kostir hugmyndarinnar felast í tækifærum við að byggja upp fjóra nýja skóla, mögulega með nýjum vinnubrögðum. Nýr unglingaskóli byggður frá grunni gæfi tækifæri til framsækinnar útfærslu með góðu rými til uppbrots og jafnvel samkennslu, fleiri tækifæri eru til sérhæfingar auk þess sem svigrúm gæfist til að sinna fjölbreyttum þörfum unglunga í stórum skóla og mikil þekking á unglingastarfi myndaðist. Þá er mögulega ódýrara að byggja einn nýjan skóla í stað þessa að byggja við þrjá skóla, auk þess sem að á byggingartíma yrði lítið rask og ófriður á skólustarfi við gömlu skólana þrjá.

Margir mögulegir gallar komu einnig fram í umræðum. Þrír farsælir skólar með langa sögu myndu breytast varanlega og hætta væri á að þekking og mannauður tapist. Laugarneshverfið yrði e.t.v. klofið í tvö hverfi sem bæri með sér hættu á stéttaskiptingu milli skóla. Yrði stór unglingaskóli heppilegur fyrir unglingamenningu og væri hætta á að viðkvæmir hópar finni sig illa í stórum skóla? Myndi núverandi húsnæði Laugalækjarskóla henta fyrir yngri barna skóla? Óvissa og fjölmargar spurningar vakna við tillögu um svo róttæka breytingu.

Afstaða einstakra starfsmanna

Þegar einstakir starfsmenn voru beðnir um að taka afstöðu til þess hverja sviðsmyndanna þriggja þeim litist best á, þá voru svör þeirra með eftirfarandi hætti:

Hvaða sviðsmynd list þér BEST á, á þessu stigi málsins?


19 responses



Þegar einstakir starfsmenn voru beðnir um að taka afstöðu til þess hverja sviðsmyndanna þriggja þeim litist verst á, þá voru svör þeirra með eftirfarandi hætti:

Hvaða sviðsmynd list þér VERST á, á þessu stigi málsins?

19 responses



- Sviðsmynd 1 - byggja við alla skólana.
- Sviðsmynd 2 - færa 2 árganga úr Laugarnesi í Laugalæk. Byggja við Langholtsskóla.
- Sviðsmynd 3 - nýr unglingaskóli byggður en gömlu skólarnir 3 verða yngri barna skólar.


Samantekt

Á heildina litið gat starfsmannafundur tekið undir þá greiningu á sviðsmyndum sem fram kom í skýrslu starfshópsins, með sérstakri áherslu á þær ábendingar sem tilgreindar eru hér fyrir í þessari umsögn.

Ljóst er að skýr meirihluti starfsmanna Laugalækjarskóla myndi helst vilja sjá sviðsmynd 1 verða að veruleika. Um þriðjungur starfsmanna myndi þó frekar kjósa sviðsmynd 3 yrði fyrir valinu, en rétt er að benda á að fjölmörg álitamál komu til umræðu í tengslum við þá róttæku hugmynd, sjá í umfjöllun ofar.

Mjög afgerandi andstöðu mátti greina við sviðsmynd 2 og öllum umræðuhópum reyndist erfitt að sjá einhverja kosti við nýjan Laugalækjarskóla með miðstigi og unglingastigi saman.

Fyrir hönd starfsmannafundar Laugalækjarskóla,



Jón Páll Haraldsson
skólastjóri



Reykjavík 23. febrúar 2022

Tekið fyrir og samþykkt á skólaráðsfundi þann 23. febrúar 2022

Umsögn skólaráðs Laugalækjarskóla um skýrslu starfshóps um framtíðarskipan skólamála í Laugarnes- og Langholtshverfi

Almennt um skýrslu starfshópsins

Á heildina litið virðist skýrslan vel unnin. Hún er skipulega fram sett og læsileg og býr yfir fjölmörgum upplýsingum um stöðu mála í hverfinu. Á þann hátt auðveldar hún umsagnaraðilum að móta sér skoðun á viðfangsefninu.

Nokkrir óvissuþættir torvelða þó umsagnaraðilum að móta sér skoðun á viðfangsefninu, og rýrir það gildi þess álits sem hér er sett fram.

Fyrst skal nefnt að allt of lengi hefur ríkt óvissa með uppbyggingu íþróttaðstöðu í hverfinu, bæði til kennslu, æfinga og keppni. Sú óvissa skilar sér með skýrum hætti í inn í alla umræðu um kosti og galla þeirra sviðsmynda sem fyrir liggja.

(Þessi óvissa hefur reyndar bitnað lengi á á Laugalækjarskóla sem býr við afar slaka aðstöðu til íþróttakennslu, eins og oft hefur verið bent á.)

Í öðru lagi – en nátengt þó – þá hefur heyrst í fréttum undanfarna daga af hugmyndavinnu um skipulag Laugardalsins og viðræðum borgar og ríkis um úrlausn þjóðarleikvanga. Vinnan virðist hafa farið fram samhliða hugmyndavinnu um framtíðarskipan skóla- og frístundamála á sama svæði, án alls samráðs þar í milli. Hvorki hugmyndavinnan um skipulag Laugardalsins og þjóðarleikvanga né hugmyndavinnan um framtíðarskipulag skólamála taka því mið af hvor annarri, sem hlýtur teljast mikil sóun.

Í þriðja lagi hefði einnig verið gagnlegt ef kostnaðargreining á sviðsmyndunum þremur hefði legið fyrir við umsagnarvinnuna, sem og skýr tímaáætlun.

Í tveimur sviðsmyndanna er síðan fjallað um safnfrístund fyrir 3. og 4. bekk en staðsetning kemur ekki fram, vegalengdir og ferðir nemenda eru því óvissuþáttur.

Umfjöllun um einstakar sviðsmyndir

Engu að síður þá fjallaði skólaráðið um hinar þrjár sviðsmyndir sem lagðar eru fram í skýrslunni, hverja fyrir sig. Gengið var út frá þeirri SVÓT-greiningu sem starfshópurinn hafði unnið, en skólaráðsmeðlimum gefinn kostur á að bæta við greininguna eða leggja sérstaka áherslu á atriði sem þegar höfðu komið fram.

Í umfjöllun um einstakar sviðsmyndir í skólaráðinu kom eftirfarandi fram.

Sviðsmynd 1:

Dýrmætt að halda góðum skólum og sérkennum þeirra, því almenn ánægja ríkir í hverfinu með skólana meðal nemenda, foreldra og starfsfólks og því e.t.v. lítill áhugi á róttækum breytingum. Þessi leið mun hafa minnst áhrif á börnin. Alger skortur á íþróttastöðu fyrir Laugalækjarskóla yrði þó óleyst vandamál, mikið óhagræði er af núverandi fyrirkomulagi. Ekki er fjallað um Frístundaheimilið Hof sem er að hefja störf í útihúsum á skólalóð Laugalækjarskóla; sá húsakostur er þegar of lítill fyrir starfsemina og Hofið mun þurfa meira húsnæði í framtíðinni.

Ef byggt yrði við alla skólana myndi leiksvæði þeirra minnka sem því nemur, sem er veikleiki.

Sviðsmynd 2:

Styrkleiki hugmyndarinnar yrði að 7. bekkur væri ekki lengur eyland félagslega og allir nemendur í félagsmiðstöðinni yrðu undir sama þaki. Sömuleiðis gæti falist í þessu styrkur námslega, þar sem allt miðstigi yrði undir sama þaki.

Laugalækjarskóli myndi hins vegar tvöfaldast að stærð og vandséð hvernig allt þetta byggingarmagn kemst fyrir ásamt nauðsynlegu íþróttahúsi og lítið pláss yrði þannig eftir fyrir leiksvæði. Þarfir á unglíngastigi og miðstigi eru mjög ólíkar og hætt við að skólinn verði mjög tvískiptur.

Sviðsmyndin virkar því almennt óraunhæf hvað Laugalækjarskóla varðar.

Sviðsmynd 3:

Þarna verða til fjórir nýir skólar með mjög breyttum sérkennum. Erfitt er að taka afstöðu til tillögunnar þegar ekki er vitað hvar skólinn á að vera staðsettur; hvernig yrði deiliskipulagið á þeim reit og allt í kringum hann? Skólaráðsmeðlimir hafa mjög mismunandi viðhorf til tillögunnar.

Þetta væri mjög jákvæð hugmynd ef um nýbyggingu væri að ræða með mjög góða íþróttaaðstöðu; spennandi tækifæri með nýjum skóla, nýju upphafi. Mögulega yrðu góðir samstarfsfletir á milli nýs Laugalækjarskóla og Laugasólar. Erfið unglingamenning í nýjum unglingaskóla yrði ekki áhyggjuefni. Unglingakennarar væru flestir til í að kenna við unglingaskóla. Fulltrúum nemenda í skólaráðinu finnst þessi kostur álitlegastur.

Það að skipta Laugarneshverfinu í tvo yngri barna skóla hefði hins vegar mikil neikvæð áhrif á félagsleg samskipti á milli krakka á þessu svæði, sem hefur neikvæð áhrif á hverfið. Sérkenni skólanna og skólabragur myndu gjörbreytast, m.a. hefðir 80 ára gamals skóla. Í raun yrðu til 4 nýir skólar sem er ekki álitleg hugmynd.


Miðað við framtíðarfjölda skólanna þyrfti samt að byggja við Laugalækjarskóla, enn myndi vanta pláss fyrir um þrjá bekkir og svo væri nauðsynlegt að byggja íþróttahús þegar skólinn væri orðinn yngri barna skóli.

Afstaða einstakra skólaráðsmeðlima

Þegar einstakir meðlimir voru beðnir um að taka afstöðu til þess hverja sviðsmyndanna þriggja þeim litist best á, þá voru svör þeirra með eftirfarandi hætti:

Hvaða sviðsmynd list þér BEST á, á þessu stigi málsins?

9 responses



- Sviðsmynd 1 - byggja við alla skólana.
- Sviðsmynd 2 - færa 2 árganga úr Lnes í Llæk. Byggja við Lang.
- Sviðsmynd 3 - nýr unglingaskóli byggður en hinir 3 yngri barna skólar.

Þegar einstakir meðlimir skólaráðsins voru beðnir um að taka afstöðu til þess hverja sviðsmyndanna þriggja þeim litist verst á, þá voru svör þeirra með eftirfarandi hætti:

Hvaða sviðsmynd list þér VERST á, á þessu stigi málsins?

9 responses



Samantekt


Almennt hafa allar sviðsmyndirnar sína kosti og sína galla, en óvissupættirnir eru enn þá það margir að erfitt þykir að móta sér endanlega skoðun.

Af ofangreindum umræðum má þó ráða að skólaráði Laugalækjarskóla líkar mun betur við sviðsmyndir 1 og 3 en við sviðsmynd 2. Enginn velur sviðsmynd 2 sem besta kost og enginn velur sviðsmynd 1 sem versta kostinn.

Sviðsmynd 3 – hugmyndin um unglingaskólann og 3 yngri barna skóla – er kannski sú hugmynd sem fólk hefur sterkastar skoðanir á því nær allir í skólaráðinu setja hana fram sem þá hugmynd sem þeim líst best á eða verst á.

Flestir gætu hins vegar sæst á sviðsmynd 1, að byggja við alla skólana. Hins vegar er það líklega útfærslan sem skiptir mestu máli, hvort sem hugmynd 1 eða 3 yrðu fyrir valinu. Skólaráðið hefði mikinn hug á að koma frekar að ákvarðanatökunni þegar óvissupáttum hefur fækkað.

Fyrir hönd skólaráðs Laugalækjarskóla,



Jón Páll Haraldsson
skólastjóri



SKOÐUN



Opið bréf til borgarstjóra

Eyrún Helga Aradóttir skrifar · 1. mars 2022 12:30

Kann að meta 224

Stjórnir foreldrafélaga Langholtsskóla, Laugalækjarskóla og Laugarnesskóla mælast sameiginlega til þess að borgaryfirvöld bregðist hratt við húsnæðisvanda skólanna með því að byggja við hvern þeirra fyrir sig og vernda þannig skólagerð þeirra, skólahverfin og hverfamenningu.

Á síðustu árum hafa stjórnendur skólanna unnið í samstarfi við borgina við að móta framtíðarstefnu um húsnæðismál skólanna. Á þeim tíma hefur nemendum skólanna fjölgað hratt og yfirflæðið verið leyst með færanlegum kennslustofum, sem er skammtímalausn. Ljóst er af þéttingu byggðar að nemendum mun áfram fjölga í skólahverfunum. Húsnæðið ber ekki fjölda nemenda í dag, dugar ekki til að kennsla í list- og verkgreinum sé í samræmi við viðmiðunarstundaskrá og kemur niður á aðstöðu nemenda.

Innviðir skólanna eru löngu sprungnir og lengi mætti telja hvernig aðstaða nemenda, kennara og annarra starfsmanna hefur verið útbýnt á undanförunum árum. Íþróttaaðstaða fyrir nemendur er ófullnægjandi, aðgangur að öðrum íþróttahúsum ótraustur og ferðatími barnanna kemur niður á námstíma þeirra. Frístund fyrir yngstu börnin er í lélegu húsnæði á erfiðum stað fyrir mörg börn.

Borgarráð samþykkti fimmtudaginn 4. nóvember 2021 að vísa þremur sviðsmyndum um „framtíðarskipan skóla í Laugarnes- og Langholtshverfi“ til skóla- og frístundasviðs sem á aftur að leiða umsagnarferli í skólasamfélaginu. Ein sviðmyndanna verður að lokum gerð að tillögu til borgarstjóra og borgarráðs.

1. Skólarnir haldi sér í núverandi mynd og byggt verði við þá alla.
2. Færa 5-6.bekk úr Laugarnesskóla yfir í Laugalækjarskóla og því byggt við hann.
3. Byggður verði nýr safn-unglingaskóli í Laugardal en þá yrðu núverandi skólarnir þrír fyrir nemendur í 1-7. bekk

Við fögnum því að fá loksins að taka samtalið um uppbyggingu skólanna okkar og viljum í því samhengi koma eftirfarandi skoðun okkar á framfæri:

- Í skýrslunni vantar upplýsingar um kostnaðaráætlun sviðsmyndanna og tímaáætlun fyrir uppbyggingu skólanna.
- Við viljum vernda og viðhalda skólagerð skólanna okkar sem eiga sér langa og árangursríka sögu.
- Stofnun safnskóla á unglingastigi myndi leið til þess að skólagerð þriggja skóla yrði brotin upp og stofna þyrfti nýjan unglingaskóla frá grunni. Breytingin yrði einnig líkleg til að valda uppbroti á rótgrónum skólahverfum. Við greiningu á slíkri sviðsmynd þarf að taka sérstakt tillit til samsetningar byggðar í skólahverfunum.
- Staðsetning safnskólans í sviðsmynd 3 er ekki kynnt en í Laugardalnum eru fáir byggingareitir á lausu. Upplýsingar um þessa sviðsmynd eru talsvert frá því að teljast fullnægjandi.
- Við viljum sjá framtíðarlausnir sem allra fyrst fyrir skólana okkar sem byggðir eru á sambærilegum grunni og aðrir skólar í borginni byggja á. Uppskipting Laugarnesskóla og tilfærsla 5-6.bekkjar í Laugarlækjarskóla fellur ekki innan þess ramma og myndi færa þá enn fjær því skipulagi sem tíðkast í öðrum skólum borgarinnar. Þrátt fyrir að þessi uppskipting kunni að reynast hlutalausn fyrir hverfið til skamms tíma teljum við langtímaávinninginn afar óljósan og vörum við að ráðast í þá vegferð.
- Gæta þarf þess að skólarnir hafi allir nægt rými í sínu nærumhverfi til að geta tekist á við frekari fjölgun í skólahverfunum og mögulega breyttar þarfir um húsnæði til framtíðar. Við höfnum því að skólalóðum verði breytt með óafturkræfum hætti án þess að slíkt verði gert sem hluti af heildstæðri lausn hvers skóla og skólanna í heild.

Við krefjumst þess að unnið verði hratt að þróun húsnæðismála skólanna okkar enda hefur aðstaða barnanna okkar til náms, frístundar og íþróttar verið þynnt út svo um munar á undanförunum árum og er orðin algjörlega óviðunandi. Við viljum sjá árangur af þessu samtali og við viljum langtímalausnir fyrir börnin í skólahverfunum.

Höfundur er formaður foreldrafélags Laugarnesskóla. Bréfið er sent fyrir hönd stjórnar Foreldrafélags Langholtsskóla, stjórnar Foreldrafélags Laugalækjarskóla og stjórnar

Athugið. Vísir hvetur lesendur til að skiptast á skoðunum. Allar athugasemdir eru á ábyrgð þeirra er þær rita. Lesendur skulu halda sig við málefnalega og hófstilla umræðu og áskilur Vísir sér rétt til að fjarlægja ummæli og/eða umræðu sem fer út fyrir þau mörk. Vísir mun loka á aðgang þeirra sem tjá sig ekki undir eigin nafni eða gerast ítrekað brotlegir við ofangreindar umgengnisreglur.

Velkomin á Vísí. Þessi vefur notar vafrakökur. Sjá nánar.

;

Framtíðarskipan skóla í Laugarnes- og Langholtshverfi

Umsögn starfsmanna félagsmiðstöðvanna Laugó í Laugalækjaskóla og Þrótttheima í Langholtsskóla

Starfsmenn félagsmiðstöðvanna Laugó og Þrótttheima lögðu mat á tillögur um framtíðarskipan skólalahalds í hverfunum tveimur.

Almennir punktar um sviðsmyndir:

- Það er erfitt að lesa út úr tölunum í sviðsmynd 3 þar sem ekki er áætlaður fermetrafjöldi á nýrri skólabyggingu fyrir unglingaskóla.
- Skilvirk lausn í sviðsmynd 1, stöðugleiki fyrir nemendur og kennara, tímafrekt og erfitt að gera sér grein fyrir því hvar viðbyggingar skólanna eiga koma
- Úrbætur á skólalóð Laugarlækjarskóla fylgi sviðsmynd tvö þar sem leiktæki á skólalóð eru ekki til staðar og skólalóðin ekki heillandi fyrir börn og unglinga
- Flókið að færa rök fyrir erfiðleikum tengdum samgöngum í sviðsmynd 3 þar sem unglingarnir eru nú þegar reglulega að flytja á milli skóla. Unglingarnir eru einnig gjarnir á að sækja félagsmiðstöðvar á milli hverfanna.
- Við upplifum sviðsmyndir 1 og 2 sem skammtímalausnir í samanburði við tölurnar sem þeim fylgja.
- Við veltum því fyrir okkur hvort unnið hafi verið með þá hugmynd að ef sviðsmynd 3 væri valin hvort að Laugarnesskóli væri skóli fyrir 1. – 4. bekk og Laugarlækjarskóli yrði fyrir 5. – 7. bekk í stað þess að skólarnir yrðu báðir að þjónusta 1. – 7 bekk.

Sviðsmyndir út frá félagsmiðstöðvum:

- Rými sem félagsmiðstöðin Laugó þyrfti hiklaust að vera stærra ef sviðsmynd 2 væri valin.
- Töluvert fleiri nemendur væru á svæðinu, aðsókn myndi af öllum líkindum verða töluvert meiri
- Ekki væri nóg að samnýta rými með skóla eftir skólatíma þar sem opnanir fyrir miðstigsaldurinn eru á skólatíma unglinga.
- Í skýrslunni kemur fram að gert sé ráð fyrir samnýtingu skóla og félagsmiðstöðvar í Langholtsskóla. Þar er sami vandi fyrir höndum og í Laugarlækjaskóla. Sé verið að huga alvarlega að því að Þróttheimar færu inn í Langholtsskóla þyrfti það að vera vandlega úthugað og unnið í samstarfi við félagsmiðstöðina.
- Það væri ekki fráleitt hugmynd að þróaðar yrðu miðstigs félagsmiðstöðvar sem starfa inni í skólum.
 - Þetta myndi bjóða uppá aukna, betri og persónulegri þjónustu fyrir börn í 5. – 7. bekk.
- Samstarf milli skóla og félagsmiðstöðva væri að einhverjum líkindum einfaldari. Það væri skilvirkari samskipti þar sem á einn veg væru eingöngu samskipti og samvinna skóla við starfsmann miðstigs félagsmiðstöðvar og hins vegar við starfsmann unglinga félagsmiðstöðvar

- Í þriðju sviðsmynd göngum við að því að Laugó og Þróttheimar yrðu sameinaðar í eina starfsstöð. Það yrði flókið verkefni þar sem fjöldinn yrði gríðarlegur af unglingum á einum stað sem gerir það að verkum að þjónusta við miðstigsstarf myndi takmarkast gríðarlega.
- Við veltum því fyrir okkur hvar væri gert ráð fyrir staðsetningu félagsmiðstöðvarinnar.

Samantekt um skýrsluna:

Út frá skýrslunni teljum við að sviðsmynd 3 sé árangurríkust til lengri tíma. Með þeim breytingum sem ættu sér stað þegar skoðað er nánar unglingaskólann teljum við að það væru möguleikar á því að einstaklingar sem almennt tilheyra jaðarhópum væru sýnilegri þar sem í skólanum væri líklega fjölbreyttari hópur mismunandi einstaklinga. Það væri verk fyrir höndum að byggja upp jákvæða unglingamenningu en þó teljum við góðan möguleika á því að það sé gerlegt. Sérstaklega ef litið er til þess og hugað væri að því að félagsmiðstöðin yrði staðsett inni í skólanum.

Þó ber að taka fram að ef hugmyndin er að starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar myndu halda uppi miðstigsstarfi í barnaskólunum þremur væri hún að öllum líkindum flókin í framkvæmd. Skerðing á opnunum fyrir miðstig yrði gríðarleg og þörf væri á því að stöðugildi/starfsmannafjöldi yrði vandlega úthugsaður til þess að raunhæft væri að þjónusta alla þá einstaklinga sem væru dreifðir á þrjá skóla. Stjórnendateymi félagsmiðstöðvarinnar þyrfti einnig að vera í teymi og stuðla að samvinnu með fjórum skólastjórnendum sem yrði tímafrekt, flókið til að það gæti gengið smurt fyrir sig. Því þyrfti að huga vel að því hvernig miðstigs starfsemi félagsmiðstöðva yrði háttað með þeim breytingum sem kæmu í kjölfar þriðju sviðsmyndar.

Sviðsmynd 1 er einnig ákjósanleg að því leyti að skólaumhverfið tekur minni breytingum en þó er gríðarleg hættu á því að vinna við sviðsmyndina bjóði ekki uppá nægilega stækkun skólanna og sé ekki nægilega góð lausn til lengri tíma.

Virðingarfyllst

Elín Lára Baldursdóttir

Kolbrún Edda Jónsdóttir Scheving

Magnús Björgvin Sigurðsson

Saga Ólafsdóttir



Reykjavík 16.febrúar 2022

Sviðsmynd II er sú sviðsmynd sem frístundaheimilin þrjú telja að henti frístundaheimilum hverfisins best. Mestar líkur eru á að búa megi vel um húsnæði frístundaheimilanna með þessum hætti. Með því að færa 5. og 6. bekk yfir í Laugarlækjaskóla ætti að skapast svigrúm til að koma Laugarseli fyrir inn í skóla með góðum hætti eða með því að byggja sér frístundaheimili á skólalóð þar sem færanlegar stofur eru nú. Mikilvægt er þó að húsnæðið verði ekki tímabundið heldur verði farið í það að búa til framtíðarhúsnæði fyrir frístundaheimilið.

Við teljum jafn framt að þessi tillaga verði til góðs fyrir nemendur Langholtsskóla þar sem að styttra er að fara á frístundaheimilið og aðeins ein fáfarin gata sem að nemendurnir þurfa að fara yfir Mikilvægt er þó að yfirfara húsnæði Dalheima sem er úr sér gengið og þreytt til að mæta þörfum barnahópsins betur. Eins væri gott að yfirfara útisvæði Dalheima(þá Glaðheima þegar Dalheimar færast yfir í Húsdýragarðinn) til að mæta þörfum barnahópsins betur.

Við leggjum höfuðáherslu á það að húsnæði frístundaheimilanna verði boðlegt og ekki tímabundið. Brýn nauðsyn er að farið sé strax í það að leggja línurnar með húsnæði frístundaheimilanna og að deildarstjóri barnastarfs og forstöðumenn verði með í því að teikna upp ný húsnæði frístundaheimilanna.

Veikleikar:

- Hvergi talað um húsnæði Laugarsels, sem er algjörlega sprungið og orðið mjög þreytt og subbulegt.
- Nemendur í Laugarnesskóla missa fyrirmyndirnar sínar í 5. og 6. bekk.
- Þyrfti endurnýjun á húsnæði Dalheima til að mæta þörfum 1. og 2. bekkjar í Langholtsskóla.

Styrkleikar:

- Gott að börnin í 5. og 6. bekk séu í sama húsnæði og félagsmiðstöðin, auknar líkur á að þau myndu sækja félagsmiðstöðina.
- Valdeflandi fyrir börn í 3. og 4. bekk að vera elst.
- Gott að börnin í 1. og 2. bekk í Langholtsskóla séu komin nær skólanum.

Sviðsmynd I og sviðsmynd III

Frístundaheimilunum þremur hugnast ekki þær sviðsmyndir vegna m.a. eftirfarandi:

Veikleikar sviðsmynd I:

- Er pláss fyrir Laugarsel í viðbyggingu sem er talað um í forsögninni.
- Frístundaheimilin eru nefnd en er búið að hugsa fyrir hvernig á að útfæra það.

Veikleikar sviðsmynd III:

- Teljum Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla vera mjög nálægt hvorum öðrum landfræðilega vegna hverfisskiptingar.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



- Sjáum ekki mikið svigrúm að byggja við Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla rými sem dugir fyrir frístundaheimili í þessum skólum.

F.h. frístundaheimilanna Laugarsels, Dalheima og Glaðheima:

Elín Þóra Böðvarsdóttir, deildarstjóri barnasviðs í Kringlumýri

G. Ísabella Þráinsdóttir, forstöðumaður í Laugarseli

Lilja Marta Jökulsdóttir, forstöðumaður í Dalheimum

Sunneva Ólafsdóttir, forstöðumaður í Glaðheimum.

Samantekt á punktum frá vinnu með börn í 1.-4. bekk – Langholtsskóla og Laugarnesskóla

Almennt:

- Vilja fleiri leiktæki á lóð
- Stundum eru yngri börn hrædd við unglinga
- Gott að hafa systkini í sama skóla, unglingar geta verið góðir og hjálpað okkur
- Vilja hafa frístundaheimili við skólann
- Nemendum í Langholtsskóla finnst langt að ganga í Glaðheima en mun styttra í Dalheima
- Ánægja með frístundaheimilin við Langholtsskóla

Sviðsmynd 1:

Sviðsmynd 1




- Laugarnesskóli verður fyrir 1.-6. bekk og byggt við skólann.
 - Laugó er félagsmiðstöðin fyrir 5. og 6. bekk
 - Laugarsel er frístundaheimilið fyrir 1. og 2. bekk og Dalheimar fyrir 3. og 4. bekk.
- Langholtsskóli verður fyrir 1.-10. bekk og byggt við skólann.
 - Glaðheimar er frístundaheimili fyrir 1. og 2. bekk og Þróttheimar er félagsmiðstöð fyrir 5.-10. bekk.
 - Dalheimar er frístundaheimili fyrir 3. og 4. bekk í Laugardalnum.
- Laugalækjaskóli verður fyrir 7.-10. bekk og byggt við skólann.
 - Laugó er félagsmiðstöðin fyrir 7.-10. bekk verður í viðbyggingu ásamt skólahljómsveit
- Huga þarf að aðstöðu Laugarnesskóla og Laugalækjaskóla fyrir íþróttakennslu


LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Krökkum í Langholtsskóla leist flestum vel á þessa hugmynd, en einhverjum fannst hún ekkert spennandi. Finnst kosturinn vera að Þróttheimar verði í skólanum, gott að geta hitt skystkini, vini og nágranna og að það verði styttra í Þróttheima og Glaðheima.

Flestum krökkunum sem tóku þátt í Laugarnesskóla hugnaðist þessi sviðsmynd vel, sjá öryggi í því að skólarnir haldi áfram einkennum sínum en stækki og þá verði meira pláss, fleiri vinir og jafnvel fleiri leiktæki. Skólahverfið muni halda sér og vinir ekki aðskildir. Gott að hluti nemendahópsins þurfi ekki að vera í útikennslustofum. Sjá fyrir sér töluvert rask af framkvæmdum og að þær muni taka tíma.

Sviðsmynd 2:


Sviðsmynd 2

- Laugarnesskóli verður fyrir 1.-4. bekk.
 - Laugarsel er frístundaheimilið fyrir 1. og 2. bekk
 - Dalheimar er frístundaheimilið fyrir 3. og 4. bekk og verður í Laugardalnum.
 - Gera þarf ráð fyrir íþróttastöðunni í Laugarnesskóla
- Langholtsskóli verður fyrir 1.-10. bekk og byggt við skólann.
 - Próttheimar er félagsmiðstöð fyrir 5.-10. bekk sem verður í viðbyggingu skólans.
 - Glaðheimar er frístundaheimili fyrir 1. og 2. bekk í gamla húsnæði Dalheima
 - Dalheimar er frístundaheimili fyrir 3. og 4. bekk og verður í Laugardalnum.
- Laugalækjaskóli verður fyrir 5.-10. bekk og byggt við skólann.
 - Laugó er félagsmiðstöðin fyrir 5.-10. bekk verður í viðbyggingu ásamt skólahljómsveit

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Yngri börnin í Langholtsskóla fjölluðu ekki um þessa sviðsmynd.

Yngri börnum í Laugarnesskóla fannst sumum spennandi að fara fyrr í Laugalækjarskóla en nú er gert, en öðrum myndi finnast það erfitt. Nemendur sem nú eru í 5. og 6. bekk nefna ýmsar hefðir og venjur sem fylgja þessum árgöngum í Laugarnesskóla og telja að þær myndu hverfa eða breytast. Nemendum í Laugarnesskóla þykir vænt um kennarana sína og hafa áhyggjur af því að einhverjir þeirra kynnu að missa vinnuna.

Sviðsmynd 3:


Sviðsmynd 3

- Laugarnesskóli verður fyrir 1.-7. bekk.
 - Laugarsel er frístundaheimilið fyrir 1.-4. bekk
 - Rými fyrir félagsmiðstöðvastarf fyrir 5.-7. bekk
- Langholtsskóli verður fyrir 1.-7. bekk
 - Glaðheimar er frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk
 - Rými fyrir félagsmiðstöðvastarf fyrir 5.-7. bekk
- Laugalækjaskóli verður fyrir 1.-7. bekk.
 - Nýtt frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk
 - Rými fyrir félagsmiðstöðvastarf fyrir 5.-7. bekk
 - Rými fyrir Skólahljómsveit Austurbæjar
- Nýr unglingaskóli fyrir 8.-10. bekk í Laugardalnum
 - Finna húsnæði eða byggja nýtt
 - Ný félagsmiðstöð fyrir 8.-10. bekk í nýjum skóla

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Skiptar skoðanir yngri barna í Langholtsskóla á þessari sviðsmynd. Kostirnir að geta hitt nýja krakka og eignast fleiri vini, meira pláss í skólanum fyrir yngri nemendur og þau „laus við vandræðaseggi“. Glaðheimar væru fyrir 1.-4. bekk og þá kæmist frístundaheimilið inn í skólann. Gallarnir væru að þá viti unglingar ekki hvernig á að umgangast yngri krakka og þeir gætu ekki hjálpað þeim yngri í skólanum.

Mörgum nemendum í Laugarnesskóla líst illa á að skólahverfinu þeirra verði skipt og að vinir verði allt í einu í sitthvorum skólanum. Reyndar eignist þau kannski nýja vini. Einnig nefna nemendur áhyggjur af því að vera með stóran unglingahóp saman í skóla, þar yrðu árgangar of stórir. Nemendur velta því fyrir sér hvernig yrði farið að því að nemendum yrði skipt á milli yngri barna skólanna í Laugarnesi og Laugalæk, mætti maður velja sér skóla eða væri farið eftir búsetu? Val gæti orðið flókið mál ef annar skólinn verður vinsælli en hinn. Og hvað með börn sem eiga tvö heimili, sitt hvorum megin?

Samantekt frá umræðufundi – Laugardalur



Sviðsmynd 1

- Laugarnesskóli verður fyrir 1.-6. bekk og byggt við skólann.
 - Laugó er félagsmiðstöðin fyrir 5. og 6. bekk
 - Laugarsel er frístundaheimilið fyrir 1. og 2. bekk og Dalheimar fyrir 3. og 4. bekk.
- Langholtsskóli verður fyrir 1.-10. bekk og byggt við skólann.
 - Glaðheimar er frístundaheimili fyrir 1. og 2. bekk og Þróttheimar er félagsmiðstöð fyrir 5.-10. bekk.
 - Dalheimar er frístundaheimili fyrir 3. og 4. bekk í Laugardalnum.
- Laugalækjaskóli verður fyrir 7.-10. bekk og byggt við skólann.
 - Laugó er félagsmiðstöðin fyrir 7. -10. bekk verður í viðbyggingu ásamt skólahljómsveit
- Huga þarf að aðstöðu Laugarnesskóla og Laugalækjaskóla fyrir íþróttakennslu



Jákvæðni fyrir því að fá alls staðar viðbyggingu, nýtt húsnæði og meira pláss á hverjum stað og að bæta eigi aðstöðu fyrir íþróttakennslu í Laugarnes- og Laugalækjarskóla. Meira rými á hverjum stað þýðir að enginn á að þurfa að vera í lausum kennslustofum og að möguleikar fyrir fjölbreytt skólastarf eru fyrir hendi. Það einnig talinn kostur að félagsmiðstöðin komi þá líklega í viðbyggingu í Langholtsskóla. Það verður áfram stutt fyrir flesta að ganga í skólann sem þykir þægilegt.

Bent var á að það væri líklega dýrara að byggja við þrjá skóla en að byggja einn nýjan. Viðbyggingum við alla skóla fylgir rask og hávaði og bent var á að það þyrfti að passa vel upp á öryggismál á meðan framkvæmdir eru í gangi. Möguleikar á að byggja við eru mismunandi á milli skóla og viðbyggingar gætu orðið til þess að skólalóðir minnka sem ekki þykir góður kostur.

Áhugavert:

- Sumum fannst þetta besta tillagan en aðrir miklu tilbúnari í að fá sérstakan unglingaskóla í hverfið.
- Bent á mikilvægi þess að framkvæmdir fari fram að sumri til eins og hægt er til að trufla ekki skólastarf.
- Huga þarf að því að viðbyggingarnar séu vel og fallega hannaðar og henti hópnum sem sækir viðkomandi skóla.



Sviðsmynd 2

- Laugarnesskóli verður fyrir 1.-4. bekk.
 - Laugarsel er frístundaheimilið fyrir 1. og 2. bekk
 - Dalheimar er frístundaheimilið fyrir 3. og 4. bekk og verður í Laugardalnum.
 - Gera þarf ráð fyrir íþróttaðstöðu í Laugarnesskóla
- Langholtsskóli verður fyrir 1.-10. bekk og byggt við skólann.
 - Þróttheimar er félagsmiðstöð fyrir 5.-10. bekk sem verður í viðbyggingu skólans.
 - Glaðheimar er frístundaheimili fyrir 1. og 2. bekk í gamla húsnæði Dalheima
 - Dalheimar er frístundaheimili fyrir 3. og 4. bekk og verður í Laugardalnum.
- Laugalækjaskóli verður fyrir 5.-10. bekk og byggt við skólann.
 - Laugó er félagsmiðstöðin fyrir 5. -10. bekk verður í viðbyggingu ásamt skólahljómsveit



Jákvæðni fyrir því að fyrir flesta hefur þessi sviðsmynd litlar breytingar í för með sér og meira pláss verður í Langholts- og Laugalækjarskóla. Það væri hægt að vera með góða aðstöðu fyrir félagsmiðstöð í viðbyggingu við Langholtsskóla og hafa opið þar í „götum“. Skólalóð Laugarnesskóla þyrfti ekki að skerðast vegna viðbyggingar sem var talið gott. Þar sem ekki á aða byggja við Laugarnesskóla þyrfti ekki að taka hluta af skólalóðinni þar undir viðbyggingu. Ef af þessu verður var bent á mikilvægi þess að allir verði jákvæðir og taki þessu vel.

Sumum finnst ekki spennandi að 5. bekkingar færist yfir í Laugarlækjarskóla og að það sé meira spennandi að flytjast yfir í 7. bekk og jafnvel að það henti ekki að hafa 5. – 10. bekk saman í skóla. Einnig var bent á að skólalóðin við Laugalækjarskóla hentar kannski ekki fyrir 5. og 6. bekk eins og staðan er núna og það þyrfti að bregðast við því. Þessi leið tekur í burtu spennuna við að fara í sérstakan unglingaskóla og félagslífið gæti einnig orðið minna spennandi. Öllum framkvæmdum við skóla fylgir truflun á skólastarfi sem getur verið erfitt.

Áhugavert:

- Ein hugmynd að Laugarnesskóli væri fyrir 1. – 4. bekk, Laugarlækjarskóli fyrir 5. – 7. bekk og svo byggður nýr unglingaskóli.
- Hafa framkvæmdir sem mest yfir sumartímann og reyna að láta þær hafa sem minnst áhrif á skólastarfið á meðan þær standa yfir.
- Það var stungið upp á viðbyggingin við Laugalækjarskóla væri hönnuð sérstaklega fyrir 5. – 7. bekk þar sem tveir þessara árganga eru að koma nýjir inn í skólann miðað við þessa sviðsmynd



Sviðsmynd 3

- Laugarnesskóli verður fyrir 1.-7. bekk.
 - Laugarsel er frístundaheimilið fyrir 1.- 4. bekk
 - Rými fyrir félagsmiðstöðvastarf fyrir 5.-7. bekk
- Langholtsskóli verður fyrir 1.-7. bekk
 - Glaðheimar er frístundaheimilið fyrir 1.- 4. bekk
 - Rými fyrir félagsmiðstöðvastarf fyrir 5.-7. bekk
- Laugalækjaskóli verður fyrir 1.-7. bekk.
 - Nýtt frístundaheimilið fyrir 1.- 4. bekk
 - Rými fyrir félagsmiðstöðvastarf fyrir 5.-7. bekk
 - Rými fyrir Skólahljómsveit Austurbæjar
- Nýr unglingaskóli fyrir 8.-10. bekk í Laugardalnum
 - Finna húsnæði eða byggja nýtt
 - Ný félagsmiðstöð fyrir 8.-10. bekk í nýjum skóla



Þessi sviðsmyndur felur í sér meira pláss fyrir alla og krakar úr þessum þremur skólum skipta um skóla sem getur verið spennandi kostur. Sumum fannst felist ákveðin skynsemi í því að byggja unglingaskóla og þar sem það eru fleiri unglinga saman eru meiri líkur á að allir geti fundið vini við hæfi. Í unglingaskóla er fjölbreyttara félagslíf og fleira sem er hægt að gera, t.d. stærri leikrit og hljómsveitir. Það væri hægt að gera aðstöðu fyrir félagsmiðstöð inni í þessum nýja skóla. Námið væri fjölbreyttara og hægt að bjóða upp á meira val og mjög mikilvægt að hafa aðgang að góðu íþróttahúsi og „næs“ skólasvæði. Þessi leið yrði líka til þess að byggingarframkvæmdir myndu hafa lítil áhrif á skólastarfið.

Það gæti tekið tíma að byggja nýjan skóla og finna stað fyrir hann og það gæti orðið langt fyrir suma að fara í skólann, fer eftir því hvar skólinn yrði staðsettur. Það þarf að huga að góðum samgöngum að þessum nýja skóla. Það er ekki endilega gott að blanda krökkum úr þessum þremur skólum saman, ekki hægt að vita fyrirfram hvernig samkomulagið verður. Það getur verið ógnvekjandi að vera í stórum unglingaskóla og suma krakka gæti kviðið fyrir því og átt erfitt með að kynnast nýjum krökkum. Það getur verið að sumum kennurum þætti líka erfitt að þurfa að færa sig á milli skóla við þessar breytingar.

Áhugavert:

- Myndum vinna Skrekk!
- Krakka sem hafa verið lagðir í einelti gætu átt erfitt í stærri skóla og orðið ennþá meira útundan en áður og þeir leggja í einelti sameinast og verða enn sterkari.
- Vera með mikið hópefli í unglingaskólanum, þarf að vera mikil samvinna í gangi í svona stórum árgöngum.
- Hafa sérstæði og hleðslustöð fyrir rafmagnshlaupahjól.
- Hlusta vel á unglinga og kennara þegar byggja á nýjan skóla, hvernig skólinn lítur út og hvernig allt er sett upp - nýr skóli býður upp á marga möguleika.

Framtíðarskipan skóla í Laugarnes- og Langholtshverfi

Umsögn ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða.

Fulltrúar úr Langholtsskóla og Laugalækjarskóla í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis- og Bústaðahverfis lögðu mat á tillögur um framtíðarskipan skólahalds í hverfunum tveimur.

Eftir að hafa velt þessu mikið fyrir okkur og átt samtöl við fólk í kringum okkur höfum við komist að þeirri niðurstöðu að okkur líst best á tillögu númer þrjú um að búa til unglingaskóla. Okkur finnst þetta besta langtímalausnin þar sem að þessi gífurlega fjölgun nemenda mun líklegast ekki hverfa. Það getur verið erfitt að byggja alltaf við skóla og vona að allir nemendurnir hafi pláss. Það er erfitt að horfast í augu við breytingarnar en við höldum að það sé kominn tími til þess. Þetta gæti verið hressandi ný og skemmtileg breyting fyrir hverfið. Ef hugmynd þrjú væri framkvæmd væri meira pláss fyrir kennslustofur og væri jafnvel hægt að búa til nýja og fræðandi valáfanga sem þyrftu ákveðið umhverfi.

Eina sem má athuga við þessa tillögu er að Laugarnes- og Laugalækjarskóli verða ekki með sömu krökkunum og það gæti myndast rígur milli skólahverfa þar sem skólarnir eru svo nálægt hvorum öðrum. Þannig að það væri góð hugmynd að Laugarnesskóli væri fyrir yngsta stig (1.-4. bekk) þar sem hann er byggður fyrir yngri krakka og að miðstig (5.-7. bekkur) væri í Laugalækjarskóla. Svo væri þá sameiginlegur unglingaskóli úr Laugalækjarskóla og Langholtsskóla. Kannski flækir það málin en það er frekar leiðinleg tilhugsun að Laugarneshverfinu væri skipt í tvennt og að krakkar og vinir fengju ekki að vera saman í skóla.

Virðingarfyllt,

Ungmennaráð Laugardals, Háaleitis- og Bústaðarhverfis

Reykjavík 31. janúar 2022

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur

Efni: Umsögn um skýrslu um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs 2021 í Laugarnes og Langholtshverfi

Stjórn Íbúasamtaka Laugardals sendir hér umsögn um skýrslu þá sem kynnt hefur verið um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs 2021 í Laugarnes og Langholtshverfi. Hún var kynnt á fundi Íbúaráðs Laugardals og ÍL á fulltrúa þar.

Hér fylgir tilvísun í skýrsluna, skáletruð:

Hópnum, sem skipaður var í janúar 2021, var ætlað að rýna stöðuna í Laugarnes- og Langholtshverfi og koma með tillögur um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í hverfunum.

Eftir greiningu voru settar fram og kynntar þrjár sviðsmyndir:

I. Skólarnir þrír haldi sér í núverandi mynd og byggt verið við þá alla til að mæta auknum nemendafjölda á næsta áratug í skólahverfunum í takt við forsagnir.

II. Færa tvo elstu árganga Laugarnesskóla yfir í Laugalækjarskóla og því byggt við hann. Byggt verði við Langholtsskóla eins og fram kemur í forsögn.

III. Opnaður verði nýr unglingaskóli í Laugardal fyrir alla unglunga úr skólunum þremur. Skólarnir þrír yrðu þá allir yngri barna skólar fyrir nemendur í 1.-7. bekk.

Almenn umsögn

Stjórn Íbúasamtaka Laugardals minnir á skólaskyldu nemenda hverfisins og að þau eigi rétt á að stunda það við ásættanlegar aðstæður. Mat á húsnæðisþörf skóla, greiningu valkosta og þarfagreining var orðin brýn.

Stjórn ÍL leggur áherslu á að þessi vinna sé í samræmi við heildarskipulag hverfisins og að þessir mikilvægu innviðir hverfisins njóti forgangs í uppbyggingu, án þess að gengið sé á græn svæði, þar með talið Laugardalinn. Framtíðaráform um mögulega uppbyggingu annarrar þjónustu mega ekki tefja þessi mikilvægu verkefni.

Fjölgun nemenda í hverfinu kemur ekki alveg á óvart enda er mikil uppbygging og þétting byggðar í gangi m.a. á Kirkjusandsreitnum og þegar skipulagt einnig á Sigtúnsreitnum. Fjölgun barna virðist þó vera að þrengja að í skóla- og frístundahúsnæði Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla og Langholtsskóla hraðar en vænst var.

Íbúasamtök Laugardals hafa í fyrra samtali við skipulagsyfirvöld lagt áherslu á að við undirbúning uppbyggingar sé unnið samhliða að því að styrkja innviði hverfisins til að mæta þjónustupörf allra íbúa.

Sérstaklega var kallað eftir framreikningi á væntri fjölgun nemenda á Laugarnessvæðinu í tengslum við Kirkjusandsreitinn. Í tengslum við kynningu skipulagsyfirvalda á deiliskipulagi þess svæðis var kynnt sú skipan mála að fyrst myndi skapast aukin þörf fyrir rými hjá Laugalækjarskóla og síðar Laugarnesskóla. Við Laugalækjarskóla væri þegar til hönnun á íþróttahúsi með kennslustofum sem myndi svara þessari þörf. Á lóð Laugarnesskóla væri svo gott rými til að bæta við kennsluhúsnæði. Raunstaða þessara skóla í dag er svo allt önnur, lausar stofur þegar komnar í notkun á báðum lóðum en uppbygging hvorki tímasett né raunverulegur undirbúningur hafin.

Í skýrslu þeirri sem hér er kynnt þá er vinnan f.o.fr. á þarfagreiningar- og hugmyndastigi, til lausnar en ekki framkvæmda. Tímalína um hvernig og/eða hvenær hver lausn fyrir sig gæti verið komin í gagnið fylgir ekki, þriðja sviðsmyndin felur í sér nýjan skóla en lóðir fyrir slíkt liggja ekki á lausu í hverfinu og forsendur þannig óljósar.

Sértæk umsögn:

Stjórn ÍL hefur rætt þær þrjár sviðsmyndir sem eru til umfjöllunar í skýrslu þeirri sem hér um ræðir.

Sviðsmynd I er sú eina sem varðveitir skólabrag án mikillar röskunar á félagslegu umhverfi nemenda. Hún virðist geta nýtt þegar undirbúnað viðbyggingar t.d. við Laugalækjarskóla og ætti það að stytta framkvæmdatíma.

Sviðsmynd II raskar mikið félagslegu umhverfi nemenda og telur stjórn að óheppilegt sé að breyta svo mjög aldurskiptingu milli skólanna tveggja, Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla.

Sviðsmynd III fylgir mikil breyting á félagslegu umhverfi nemenda hverfisins, sérstaklega á unglingastigi. Tímarammi, lóðamál og mismunur á aðgengi eftir hverfishlutum vegur einnig neikvætt inn í þessa sviðsmynd.

Þessa umsögn leggur stjórn ÍL fram en bendir jafnframt á að því miður sé ekki ljóst af fyrirbyggjandi gögnum að foreldrar barna í skólunum sem um ræðir hafi tekið þátt í því samtali sem þarna átti sér stað. Sé það rétt þá hvetur stjórn ÍL til opins samtals við fulltrúa foreldra í skólaráðum skólanna og/eða foreldrafélög skólanna.

Stjórn ÍL er nú sem fyrr reiðubúin að styðja samtal við íbúa hverfisins og væntir góðs samstarfs við að bæta aðstöðu barna hverfisins.

Virðingarfyllt, fyrir hönd stjórnar ÍL.

Lilja Sigrún Jónsdóttir, formaður ÍL.